

Samskiptasáttmáli Húnavetnings

Sáttmáli þessi nær til fulltrúa í sameiningarnefnd Húnavetnings, aðal- og varamanna og starfsmanna og annarra fulltrúa sveitarfélaganna í verkefninu. Sáttmálinn gildir um samskipti innan og utan verkefnisins í öllum þeim verkefnum og samtölum sem leiða af hlutverki þess.

Við undirrituð virðum þagnarskyldu og gætum trúnaðar við meðferð upplýsinga við störf okkar. Við ræðum um verkefnið á uppbyggilegan hátt út á við, virðum skoðanir hvors annars og tökumst á við áhyggjur og ágreining innan hópsins.

Samskipti okkar einkennast af heiðarleika, hreinskilni og virðingu og við nálgumst verkefnið með opinn huga.

- Svona viljum við hafa samskipti á fundum:
 - Við virðum skoðanir hvers annars og gætum að orðalagi og fasi.
 - Við erum kurteis og yfirveguð og sýnum hvert öðru virðingu.
 - Við erum málefnaleg og hnitmiðuð í málflutningi.
 - Við höldum athygli og hlustum á hvert annað.
 - Við mætum á réttum tíma.
 - Við virðum fundarstjórn.
 - Við erum vel undirbúin.
 - Við erum hreinskilin og rýnum til gagns.
- Hver og einn í verkefnishópnum tekur ábyrgð á eigin hegðun og bætir fyrir slæm samskipti eins fljótt og auðið er.
- Fundarstjóri:
 - sér til þess að allir fái að tjá sig.
 - gætir þess að allar skoðanir komi fram.
 - virðir tímaáætlun.
 - leiðir fram niðurstöðu.
 - gerir stutt fundarhlé á löngum fundum.

Samþykkt samhljóða á 10. fundi samstarfsnefndar þann 19. mars 2020.